


Borgarholtsskóli

Lykilhæfni - lífsleikniáherslur

Skýrsla vinnuhóps

Guðný María Jónsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir,
Sigurður Þórir Þorsteinsson og Guðrún Ragnarsdóttir



Júní 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hugmyndafræði áfangans	5
Drög að áfangalýsingum (desember 2009)	6

Inngangur

Borgarholtsskóli fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu til þess að þróa hugmyndir um lykilhæfnipætti í anda nýrra laga (lög nr 92/2008) um framhaldsskóla. Í lögnum segir m.a.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar.

Samkvæmt þessu er mikilvægt að nemendur öðlist hæfni í gegnum námið með virkri þátttöku innan sem utan skólans eins og fram kemur á vefsíðu menntamálaráðuneytisins. Sérhver nemandi þarf að geta lifað í sátt við sjálfan sig og aðra. Því er mikilvægt að hvetja nemendur til að taka meðvitaða og ábyrga afstöðu til framtíðarmöguleika sína. Gefa þeim tækifæri til að temja sér ábyrga hegðun og heilbrigðan lífsstíl. Á vefsíðunni Ný menntastefna (2009) kemur einnig fram að umdeilanlegt er hvort nemendum gefist nægjanlega kostur á þeim þroska sem fram kemur í hlutverkagrein nýrra laga í núverandi skólakerfi. Í ljósi þessa verður lögð áhersla á framangreinda þætti við innleiðingu nýrra laga í Borgarholtsskóla. Afar mikilvægt er að vinna vel að þessum lykilhæfnipáttum sem ganga þvert á allar brautir framhaldsskólanna.

Lágmarkslykilhæfni hefur verið skilgreind af menntamálaráðuneytinu sem „... sú grunnhæfni sem skólum er ætlað að tryggja að nemendur öðlist og fellur hún á hæfniprep eitt. Til þessa hefur þessi grunnhæfni farið fram í skylduáföngunum NAT, LKN og UTN sem í dag ganga ekki þvert á allar brautir framhaldsskólana. Það er nú í höndum hvers skóla að þróa þessa áfanga áfram í takt við lykilhæfnipættina þvert á brautir skólans (Ný menntastefna, 2009) þess vegna er það hagkvæmast fyrir Borgarholtsskóla að útfæra stóran áfanga sem gengur þvert á brautir og svið skólans því í skólanum eru áfangar á brautum eins og t.d. verknámsbrautum þar sem þessar áherslur ganga illa saman við það efni sem fyrir er. Þess vegna telur skólinn þessum áherslum lykilhæfnipátta best komið fyrir í þverfaglegum áföngum þar sem fagkennarar koma til með að vinna saman og rótera á milli nemendahópa.

Borgarholtsskóli hefur mikla reynslu af því að kenna nát, lkn og utn og hefur m.a. þróað 3 kennslubækur á þessu sviði. Það er okkur því mikill heiður að fá að þróa áfanga sem tekur mið af lykilhæfnipáttum nýrra laga. Skólinn er einnig einn af fyrstu framhaldsskólum landsins til að fá Grænfánann. Þá er Borgarholtsskóli jafnframt að vinna frumkvöðlastarf í jafnréttisfræðslu. Innan hans hefur skapast mikil þekking á sviði borgaralegrar hæfni í samstarfi við Evrópuráðið.

Eftirfarandi texti var í styrksumsókn Borgarholtsskóla til ráðuneytisins:

Útfæra þarf stóran áfanga sem gengur þvert á allar brautir skólans og tekur mið af hluta af 8 lykilhæfnipáttum nýrra laga. Hér má nefna atriði eins og grunnhæfni í vísindum og tækni, upplýsingatækni, námshæfni,

félagslega og borgaralega hæfni, frumkvæði og framtakssemi, menningarlæsi og tjáningu. Mikilvægt er að öll svið taki á þessum þáttum á einn eða annan hátt þótt allt nám á 1. þrepi (framhaldsskólaprófið) komi til með að byggja að mestu á þessum lykilhæfnipáttum.

Verkefnið eins og það var lagt fyrir hópinn:

Hópurinn hefur það verkefni að kynna sér gaumgæfilega hvað fellst í hugmyndinni um lykilhæfnipætti (key competences), huga að því hvernig þeir tengjast öllum brautum skólans og smíða á þeim grunni áfanga sem byggir á þeirri reynslu sem skapast hefur við skólann m.a. í lífsleikni. Unnið skal að áfanga sem gengur þvert á allar brautir skólans og tekur til sem flestra lykilhæfnipátta.

Markmiðið er að skipuleggja áfanga sem allir nemendur á í Borgarholtsskóla taka og veitir þeim grunnþjálfun í þeim lykilhæfnipáttum sem þeir eiga að tileinka sér.

Verklýsing:

- Vinna starfsáætlun og skipta verkum með meðlimum hóps (skipa t.a.m. formann, fulltrúi stýrihóps sér um að rita og samræma).
- Vikulegir fundir á haustönn og ½ laugardagur um miðja önn.
- Skoða ný lög um framhaldsskóla og meðfylgjandi gögn með tilliti til ákvæða um lykilhæfni
- Vinna úr niðurstöðum hópa á starfsdögum 2009 um lykilhæfnipætti
- Kynna sér Lifelong Learning Programme Evrópusambandsins þar sem m.a. er fjallað um átta lykilhæfnipætti
- Fylgjast með vinnu annarra vinnuhópa vegna nýrra laga og hafa samstarf við þá eftir því sem við á og við verður komið
- Skoðar möguleika á þverfaglegri samvinnu og mismunandi námsleiðum innan skólans
- Leggja drög að hugmyndafræði áfangans:
 - skrifa lærdómsviðmið (learning outcome)
- Skrifa áfangalýsingu

Afurðir og skil:

- Skýrsla um störf hópsins
- Kynning á stöðu mála á starfsdögum

Starfsmenn vinnuhóps:

Guðný María Jónsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Guðrún Ragnarsdóttir voru starfsmenn vinnuhóps lykilhæfnihlutunar.

Hugmyndafræði áfangans

Eftir SVÓT-greiningu og hugflæði um lífsleikni/lykilhæfni eins og hún er framkvæmd í dag þá er tillaga hópsins að kenna þrjá 5 fein eininga áfanga. Hugmyndin er að í fyrsta áfanga yrði farið í nærumhverfi nemandans svo sem sjálfmynd, tilfinningar, fjölskyldu og vini. Held við verðum að taka inn hér menningu í nærmynd unglingsins. Í öðrum áfanga verður áherslan á samfélag nemandans í þjóðfélagslegu samhengi s.s. borgaravitund og menningarlæsi. Þriðji áfanginn hefði áherslu sem lúta að alþjóðlegu samhengi eins og mannréttindum og misskiptingu auðs í veraldlegu ljósi. Hér að neðan í töflu 1. má sjá dæmi um áhersluatriði.

Tafla 1. Hugmyndafræði og innra skipulag lykilhæfniþátta.

	Nærsamfélagið	Ísland sem hluti af vestræni menningu	Ísland sem hluti af alþjóðasamfélaginu
Ég	Sjálfmynd og tilfinningar Kynferði Samskipti Tjáning Námstækni Markmiðssetning Vinnubrögð Borgaravitund Fyrirmyndir Siðferði Skyldur Fjölskyldan Neytandi	Staða einstaklingsins í vestræni menningu Borgaravitund Staðalímyndir Fjölbreytt fjölskyldumynstur Fjölbreytileiki Neysluvenjur vestrænna ríkja	Íslenskur borgari í alheims þorpi Skyldur, staðalímyndir, fordómar. Ólíkar neysluvenjur Fjölmennig Millimennig
Forvarnir og heilsuefning	Andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði Áhrifaþættir heilbrigðis Lífsstíll og gildismat Fjárhagslegt heilbrigði	Áhrif vestrænnar menningar á heilsu	Áhrif eigin heilsu á alþjóðasamfélagið og staða nemandans borinn saman við heilsu jafninga í öðrum þjóðfélagshópum. Mannréttindi og heilsa. Sjálfbærni og heilsa í víðu samhengi
Tölvu-læsi	Persónuleg hæfni Tölvur og samskipti Gagnrýnin tölvunotkun	Fjölmíðla- og upplýsingalæsi í Vestrænu samhengi Tölvur og siðferði	Minnkandi heimur
Menn-ing	Menningarleg tjáning Menningarlegt læsi Menningarleg sköpun Menningarleg upplifun	Menningarverðmæti Réttur til menningarlegrar tjáningar	Samanburður ólíkra menningarheima
Jafnrétti	Kyn Fötlun / ófötlun Réttindi og skyldur	Stjórnvöld – aðgerðir – staða minnihlutahópa – Efnahagur minnihlutahópa	Minnihlutahópar Þjóðerni Ólík trúarbrögð Mannréttindi og siðferði Misrétti Efnahagur minnihlutahópa
Lýð-ræði	Umburðalyndi, áhrif Félagsleg heilsa Lýðræðisleg samskipti	Kosningar, hópar, lýðræði, samskipti þjóða í vestrænum heimi	Þróun, þróunarhjálp, misskipting, jafnrétti
Umhverfið	Umhverfisvernd – heimilið Neysluvenjur á Íslandi Sjálfbærni í nærsamfélagi Auðlindir og ábyrgð á Íslands	Samfélagslegt samhengi, þjóðarhagur Umhverfisvernd Náttúran – framtíðin – ábyrgð kynslóðanna Vestrænar neysluvenjur	Sjálfbærni í alþjóðlegu samhengi Félagsleg, efnahagsleg og vistvæn sjálfbærni Ábyrgð vesturlanda gagnvart Suðrinu/Þróunarlönd Auðlindir og ábyrgð

Drög að áfangalýsingum (desember 2009)

Drög

Borgarholtsskóli

Lykilhæfni sjálfsþekking og borgaravitund í nærumhverfi

Áfangalýsing á 1. þrepi

Lyk1-Q-05-Q-DAG

Hér erum við með blönduð markmið úr fyrsta og öðrum áfanga ef við miðum við töflu 1 hér að ofan. Við þurfum að finna okkur skýran útgangspunkt miðað við ofangreind markmið áður en við greinum þau nánar finnst mér.

5 fein

Enginn

Lærdómur áfangans:

Nemandi skal verða fær um að skoða og skilja sjálfan sig á sem fjölbreyttastan hátt, ásamt því að skoða samspil sitt við grenndarsamfélagið með áherslu á að skilja sjálfan sig í samhengi við það og sem er grunnurinn á því að byggja sig upp sem ábyrgan borgar samfélaginu sem hann lifir og hrærist í.

Lokamarkmið áfangans (learning outcomes):

Að nemendur ...

- Þekki eigin styrkleika og veikleika
- Sjálfsþekking og tilfinningaleg tjáning
- Þekki mikilvægi sitt í samskiptum við aðrar manneskjur
- Þekki mikilvægi virkrar hlustunar og uppbyggilegra samskipta
- Þekki stöðu sína í nærumhverfinu
- skilji samspil sitt við nærumhverfið og þær afleiðingar sem það samspil getur haft til góðs og ills
- geti tjáð og greint stöðu sína og mikilvægi í nærsamfélaginu.
- Læri að viðurkenna mikilvægi annarra í mannlegum samskiptum
- Kannist við stöðu sína í fjærumhverfinu
- Þekki til sjálfbærrar þróunar út frá heimilinu
- Hafi lágmarkshæfni í upplýsingatækni
- Þekki eigið menningarsvæði – eigin menningu, út frá aldurs- og þroskastigi

Neðangreint á frekar við um áfanga no 2.

	1. þrep		
	Þekking	Leikni	Hæfni
Afla	Nemendur afla sér þekkingar á sjálfinu og grenndarsamfélaginu í gegnum fjölbreytta miðla	Nemendur nýta sér þá vitsmunalegu færni sem þeir öðlast í þekkingarleit sinni um sjálfan sig og stöðu sína í samfélaginu til að velja þær aðferðir sem þeir hafa kost á til að kanna stöðu sína í grenndarsamfélaginu og þeim möguleikum sem þeir hafa til að afla sér þjálfunar innan grenndarsamfélagsins.	Nemendur geti hagnýtt þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér á sjálfum sér og því grenndarsamfélagi sem þeir búa í. Þeir skulu geta sýnt fram á almennan skilning á sjálfum sér, skoðað stöðu sína í samfélaginu, gert sér grein fyrir siðferðisvitund sinni og eftt umburðarlyndi sitt gagnvart öðrum sem og skilning á eigin getu og stöðu í samfélaginu.
Greina	Nemendur greina sjálfan sig og stöðu sína í samfélaginu með umræðum og flokkun.	Nemendur öðlist leikni í að greina á milli aðferða og velja þá aðferð sem best er til þess fallin að skoða og skýra stöðu sína í grenndarsamfélaginu.	Nemendur geri sér grein fyrir stöðu sinni í fjärsamfélaginu. Nemendur skulu geta greint og hagnýtt þá almennu þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í áfanganum með því að bera saman, finna samband, einfalda og draga ályktanir um stöðu sína í samfélagi mannfólksins í grenndarsamfélaginu. Þessar athafnir gera kröfur um að nemendur sýni ábyrgðartilfinningu, sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum og geti beitt almennri ígrundun um efnisþætti áfangans.
Miðla	Nemendur þjálfast í því að miðla þekkingu sinni á sjálfum sér og grenndarsamfélaginu með fjölbreyttum aðferðum nútímans	Nemendur öðlist getu til að miðla leikni sinni í gegnum vinnubrögð nútímans með verkfærum hans og aðferðum í mismunandi tjáningarformum.	Nemendur skulu geta miðlað og hagnýtt þá almennu þekkingu og færni sem þeir hafa öðlast í vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni. Þessar athafnir gera kröfu um að nemendur sýni sköpunarhæfni, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir og skoðanir sínar á fjölbreyttan hátt í nútíma samfélagi.